NÝR LANDSPÍTALI

# Verkefnastjóri í áætlunargerð

Nýr Landspítali ohf. (NLSH) óskar eftir að ráða reynslumikinn einstakling til að sinna verkefnastjórnun á sviði áætlunargerðar.

**Við leitum að aðila til að annast m.a.:**

- Þróun og vinnslu áætlana fyrir þróunar-, hönnunar- og byggingarverkefni NLSH
- Fjárhags- og gagnagreiningar verkefna á vegum NLSH
- Skráningu verkefna í áætlunargerðarhugbúnað
- Uppbyggingu gagnagrunna
- Frum- og áhættumat hönnunar- og framkvæmdaverkefna
- Vinnslu verkefnaáætlana fyrir stærri framkvæmda- og umbreytingaverkefni
- Stuðning við áætlanagerð annarra fagsviða NLSH
- Utanumhald kostnaðarbanka

**Mikilvægt er að viðkomandi hafi:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. verk- eða tæknifræði, verkefnastjórnun, arkitektúr, hag- eða viðskiptafræði
- Reynslu af áætlunargerð, tíma- og fjárhagslegri stýringu verkefna
- Reynslu af greiningarvinnu og tölfræðilegri úrvinnslu
- Þekkingu á kostnaðargreiningu og spálíkönum
- Reynslu á sviði framkvæmda og/eða fasteignaþróunar
- Þekkingu á opinberri stjórnsýslu og þátttöku í gæða- og verkefnastjórnun (kostur)
- Góða hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til þátttöku í öflugu teymi

Nýr Landspítali ohf. (NLSH) tekur m.a. þátt í verkefnastjórn á þróunar-, hönnunar- og framkvæmdaverkefnum vegna húsnæðis Landspítala Háskólasjúkrahúss sem og uppbyggingu nýbygginga, gatnagerðar og lóðar við nýjan Landspítala við Hringbraut. Félagið, sem er að fullu í eigu ríkisins, er í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila m.a. stjórnvöld, Landspítalann, Framkvæmdasýsluna-Ríkiseignir, Háskóla Íslands, sjúklingasamtök, Reykjavíkurborg og Ríkiskaup. Fjöldi ráðgjafa starfar fyrir og með NLSH. Nánari upplýsingar um NLSH má finna á **www.nlsh.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **29. mars 2022**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda **ekki** birt opinberlega.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Dagbjört Una Helgadóttir (dagbjort@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir